

**Ed.**

**918. Nefndarálit**

[342. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 41 2. maí 1968, um verslunaratvinnu.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið og leitað umsagnar Verslunarráðs Íslands um efni þess. Nefndin var sammála um að ákvæði frumvarpsins um að leiga allra lausafjármuna félli undir lögin um verslunaratvinnu væri of víðtækt og erfitt yrði að framfylgja slíkri lagasetningu.

Þar sem leiga á myndböndum, sem færst hefur mjög í vöxt hin síðari ár og er orðin veruleg atvinnugrein, er ástæðan fyrir flutningi frumvarpsins fellst nefndin á að lögin um verslunaratvinnu taki til myndbandaleigna og flytur breytingartillögu við frumvarpið þar að lútandi. Leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt með þeirri breytingu sem þar greinir.

Alþingi, 14. maí 1985.

Ey. Kon. Jónsson,  
form.  
Valdimar Indriðason.

Eiður Guðnason,  
fundaskr.  
Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Jón Kristjánsson,  
frsm.  
Egill Jónsson.